AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009, Innri Gleðivík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009 frá 14. júní 1990.

Breytingin varðar stækkun viðlegukants og iðnaðar- og athafnasvæðis við Innri Gleðivík.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 219 8. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. september 2000, skipulag fyrir Hauganeslyftu í Tungudal og gönguskíðasvæði á Seljalandsdal.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 8. mars 2001.

Stefán Brynjólfsson byggingarfulltrúi.

Nr. 220 22. febrúar 2001

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi.

Öll íslensk skip skulu tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi (STK) á eftirfarandi hátt:

a. Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
b. Skip sem eru styttri en 24 metrar og hafa heimild til að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
c. Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.